

Miðvikudaginn 20. desember 1995.

Nr. 158/1994.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Rósu Valtýsdóttur

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Bifreiðir. Skaðabætur. Líkamstjón. Slysatrygging ökumanns. Örorkumat. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. apríl 1994. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði einungis dæmdur til að greiða hluta af kröfu stefndu með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. maí 1990 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Atvikum málsins er lýst í héraðsdómi, og gerðust þau fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 28. gr. Áfrýjandi hefur viðurkennt bótaskyldu sína á grundvelli 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en ágreiningur er um útreikning og fjárhæð bóta og vexti.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir mati tveggja dómkvaddra manna, Jóns Guðgeirssonar yfirlæknis og Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans, á fjárhagslegri örorku stefndu. Matsgerð þessi er fullgilt sönnunargagn, og hæfi matsmanna til að láta í té álit um það, sem um var beðið, verður ekki dregið í efa, enda sætti dómkvaðning þeirra ekki andmælum af hálfu stefndu. Hinir dómkvöddu matsmenn meta varanlega fjárhagslega örorku stefndu 5%. Þá telja matsmenn, að varanleg læknisfræðileg örorka hennar sé hæfilega metin 10%, eins og dr. Atli Þór Ólason læknir, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, hafði áður komist að niðurstöðu um.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til læknisfræðilegrar örorku og hún höfð til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta. Eigi eru forsendur til að víkja frá þeirri hefðbundnu aðferð, svo sem máli þessu og sönnunargögnum er háttað.

II.

Við úrlausn kröfugerðar stefndu verður miðað við örorkutjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 25. febrúar 1992, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi. Höfuðstólsverðmæti tjónsins á slysdegi er þar áætlað svo:

1. Vinnutekjutap	687.800 krónur.
2. Töpuð lífeyrisréttindi	41.300 krónur.
3. Tekjutap vegna heimilisstarfa	733.400 krónur.

Við áætlun tekjutaps vegna heimilisstarfa er miðað við, að þau séu stunduð eingöngu, en líta verður til þess, að heildarverðmæti vinnutekjutaps stefndu á slysdegi er að tæpum helmingi rakið til tekna af öðrum störfum. Samkvæmt dómvenju er rétt, að bætur til stefndu vegna varanlegrar örorku sæti frádrætti vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Miðað við kröfugerð stefndu verður sá frádráttur einnig látinn ná til verðmætis tapaðra lífeyrisréttinda. Þá koma til frádráttar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slysatryggingar samkvæmt IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, 221.514 krónur.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá þeirri varnarástæðu, að skylda til greiðslu miskabóta hvíli ekki á honum á grundvelli þeirrar tryggingar, sem stefnda byggir rétt sinn á. Þykja bætur fyrir miska hæfilega ákveðnar 150.000 krónur.

III.

Með hliðsjón af framangreindum forsendum verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um bótafjárhæð og málskostnað staðfest. Stefnda hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og verður vaxtaákvörðun héraðsdóms einnig staðfest.

Áfrýjandi skal greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefndu, Rósu Valtýsdóttur, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1994.

Mál þetta höfðaði Rósa Valtýsdóttir, kt. 180845–4109, Logafold 82, Reykjavík, með stefnu, dagsettri 21. október 1992, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288–1739, Kringlunni 5, Reykjavík. Málið var dómtekið 7. febrúar sl.

Stefnandi krefst greiðslu á 1.186.140 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Stefndi krefst lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Í máli þessu krefur stefnandi um bætur á grundvelli slysatryggingar öku-manns. Hún var ökumaður bifreiðarinnar R-59373, er árekstur varð með henni og bifreiðinni R-16540 á mótum Stórhöfða og Höfðabakka 3. maí 1990. Hlaut hún þar nokkra áverka. Stefndi viðurkennir greiðsluskyldu sína, en ágreiningur aðila er um fjárhæð bóta og vexti.

II.

Stefnandi leitaði fyrst á slysadeild Borgarspítalans vegna áverka þeirra, er hún hlaut. Vottorð slysadeildar liggur ekki frammi í málinu, en megin-efni þess er tekið upp í örorkumat Atla Þórs Ólasonar. Þá leitaði hún til sérfræðings í taugalækningum og síðar heimilislæknis síns svo og til sjúkra-þjálfara að hans ráði. Örorkumat Atla Þórs Ólasonar er dagsett 21. janúar 1992. Segir þar m. a.:

„Þann 21. 1. 1992 kom slasaða til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum í Læknastöðinni Álfheimum 74, Reykjavík. Hún staðfesti sjúkrasögu eins og að framan er getið.

Hún kvartar um verki í herðavöðvum báðum megin og við hnakkafestu, einkum hægra megin. Þá fái hún stundum verkjaseyðing í vinstri öxl, sem leiðir niður í vinstri handlegg. Dofa lýsir hún á hægri höfuðhelmingi og stundum í vinstri handlegg. Þessi dofi er þó ekki stöðugur. Óþægindi segist hún fá við að bera þungt, t. d. pappavöru. Af þessum sökum hafi hún fengið að sleppa við slíka vinnu í fyrirtækinu. Þá fái hún verki við að skúra og ryksuga, og hafi hún fengið heimilisaðstoð af þeim sökum.

Samantekt og álit.

Hinn 3. 5. 1990 var bifreið ekið á um 40–50 km hraða inn í hlið bifreiðar, er Rósa Valtýsdóttir ók. Við áreksturinn virðist hún hafa kastast til og fengið högg á höfuð hægra megin. Hún hafði eftir þetta óþægindi frá hálsi og herðum og hefur enn. Óþægindin koma við að lyfta þungu eða vinna erfiða vinnu fram fyrir sig. Hún hefur haft óþægindi í hálsi, hnakka, herðum og stundum í vinstri handlegg. Hún var til sérstakrar rannsóknar hjá Marinó P. Hafstein taugalækni, sem mun ekki hafa fundið merki um taugaskemmd.

Gert er ráð fyrir, að við umferðarslysið 3. 5. 1990 hafi Rósa fengið högg á höfuð hægra megin, enda hafði hún þar sár, sem þurfti að sauma. Líklegt er, að höfuðið hafi sveigst yfir til vinstri og valdið togi á hálsvöðva, einkum þó hægra megin, enda hefur hún í dag mikil einkenni frá hnakkafestu hægra megin. Líklegt er, að hún hafi hlotið tognun á mjúka vefi í hálsi og herðum, sem valdi þeim óþægindum, er hún hefur enn í dag. Líklegt er, að óþægindin verði viðvarandi og muni draga úr starfsgetu hennar jafnt hér eftir sem hingað til. Varanleg örorka vegna háls- og herðatognunar er í heild metin 10%.

Að kröfu stefnda kvaddi Héraðsdómur Reykjavíkur þá Jón Guðgeirsson yfirlækni og Loga Guðbrandsson hæstaréttarlögmenn til að meta heilsufar og vinnugetu stefnanda. Matsgerð þeirra er dagsett 7. október 1993. Segir þar m. a.:

„Í matsbeiðni Haralds Blöndals hrl. er viðfangsefni matsmanna nánar skilgreint á þann veg, að þeir skuli láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvort stefnandi hafi af völdum nefnds slyss orðið fyrir eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, þegar litið er til menntunar hennar, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hún á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til, að hún starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka hennar.

2. Ef talið verður, að hún hafi eða muni hljóta tímabundna eða varanlega fjárhagslega örorku af völdum slyssins, óskast hún metin í hundraðshlutum.

3. Hvort fallast megi á örorkumat dr. Atla Þórs Ólasonar bæklunarlæknis út frá læknisfræðilegum sjónarmiðum, og ef ekki, hver sé tímabundin og varanleg örorka stefnanda af völdum slyssins.

...

R. V. kveðst áður hafa haft einkenni um vöðvabólgu í herðum, en þó ekki þurft að leita sér lækninga þess vegna, enn fremur óþægindi frá mjóbaki, en segir, að einkenni þaðan hafi ekki versnað við slysið. Að öðru leyti kveðst hún alltaf hafa verið líkamlega hraust.

...

VI. Ályktun og niðurstaða.

1) R. V. hefur verki og stirðleika í hálsi, sérstaklega hægra megin, enn fremur verki í herðum og út í handleggi og einnig dofatilfinningu fram í báða litlufingur. Þessi einkenni versna við visst álag, og fylgir þessu höfuðverkur. Jafnframt því að fá högg hægra megin á höfuð hefur hún einnig fengið tognun á mjúka vefi í hálsi og herðum eða svokallaðan svipuólaráverka, sem skýrir þau einkenni, sem hún hefur.

Hún hefur áður haft einkenni um vöðvabólgu í herðum, en aldrei eins mikil og eftir umrætt slys. Þessi tognunareinkenni eru mismikil, en hún kveðst aldrei vera einkennalaus og fær aukin einkenni við álag. Hér eru því dæmigerð einkenni um hálstognun, sem er bein afleiðing eftir slysið 3. 5. 1990, og eftir líkum eru þessi einkenni varanleg og geta versnað við visst álag.

2) Fyrir umrætt slys vann R. V. í hálfu starfi við skrifstofu- og lagerstörf, jafnframt því sem hún sinnti heimilisstörfum fyrir sig, mann sinn og tvö börn þeirra. Hún sinnir þessum störfum áfram þrátt fyrir afleiðingar slyssins, enda ræður hún bæði vinnutíma og vinnuálagi sjálf, þar sem hún vinnur við fjölskyldufyrirtæki.

Læknisfræðilegt mat á tekjuöflunarhæfni miðast við sjúkdómseinkenni slösuðu, þ. e. verki og fleira, starfsemi líffærakerfa og stoðkerfis, eins og kemur fram við skoðun. Auk þess þarf að taka tillit til andlegra og félagslegra þátta eins og t. d. menntunar.

Með tilliti til allra þessara þátta eru allar líkur á því, að R. V. lagi sig, þegar tímar líða, að mestu að þeim einkennum og skertri hæfni, sem hún verður að búa við vegna afleiðinga áverkans.

3) R. V. hefur verki í hálsi, herðum, út í handleggi og einnig dofatilfinningu í báðum litlufingrum. Þessi einkenni versna við álag.

Við teljum, að varanleg læknisfræðileg örorka vegna afleiðinga slyssins sé hæfilega metin 10%, eins og kemur fram í örorkumati Atla P. Ólasonar, er hann gerði 21. 1. 1992.

VII. Rósa Valtýsdóttir er fædd 18. maí 1945 og var því tæpra 45 ára á slysdegi. Hún er menntuð sem hárgreiðslukona og stundaði það starf áður, en síðastliðin tíu ár hefur hún starfað hjá Papco hf. við skrifstofustörf. Fyrirtækið er iðnfyrirtæki, og starfa þar sautján manns. Eru Rósa og eiginmaður hennar eigendur fyrirtækisins.

Rósa upplýsti í viðtali, að hún hefði um 70 þúsund kr. í mánaðarlaun, en samkvæmt skattframtali fyrir 1992 hafði hún í tekjur 910.216 kr. Fram kom einnig, að fram taldar tekjur færu ekki beint eftir vinnuframlagi hennar, þar sem hún er eigandi fyrirtækisins, en ekki launþegi.

Búast má við, að minnkað vinnuframlag hennar hafi bein áhrif á raunverulegar tekjur hennar af þessum sökum, hvað sem framtölum líður.

Það er mat okkar, að Rósa Valtýsdóttir hafi hlotið varanlega fjárhagslega örorku 5%.

Matsmenn komu báðir fyrir dóm og staðfestu matsgerðina, skýrðu jafnframt nánar einstök atriði.

III.

Bótakröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi hafi tekið að sér slysa-tryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga vegna bifreiðarinnar R-59373. Stefnandi hafi slasast við akstur bifreiðarinnar. Um grundvöll útreiknings skaðabóta vísar hún til örorkumats Atla Þórs Ólasonar og örorkutjónsútreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings.

Í örorkutjónsútreikningnum er miðað við tekjur stefnanda árin 1987–1989 og fengin sú niðurstaða, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps nemi á slysdegi 687.800 kr., en á þessum árum mun stefnandi hafa verið í hálfu starfi. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda nemi því 41.300 krónum. Þá reiknar Jón Erlingur Þorláksson með tekjutapi við heimilisstörf, en á heimili stefnanda eru tvö börn, fædd 1976 og 1983. Miðast útreikningurinn við laun eftir þrjú ár skv. fastlaunasamningi Iðju fyrir starfsfólk í matvælaíðnaði. Reiknast verðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa nema á slysdegi 733.400 krónum.

Stefnukröfur eru miðaðar við framangreinda útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar, þó þannig, að kröfufjárhæð er lækkuð um 30% vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Þá er bætt við miskabótakröfu, að fjárhæð 150.000 kr. Fæst þannig stefnukrafan, 1.186.140 kr., en síðan skal draga frá 221.514 kr., sem stefnanda voru greiddar af Tryggingastofnun ríkisins.

IV.

Stefndi telur, að örorkumat Atla Þórs Ólasonar gefi ekki mynd af tekju-skerðingu stefnanda til frambúðar. Vísar hann í því efni til álits hinna dómkvöddu matsmanna. Hann krefst þess, að skattfrádráttur verði hærri svo og frádráttur vegna hagræðis af eingreiðslu.

Stefndi mótmælir kröfuliðnum Töpuð lífeyrisréttindi og telur ósannað, að stefnandi tapi slíkum réttindum.

Þá mótmælir stefndi miskabótakröfu, telur, að slysatrygging sú, sem kraf-ið sé um í málinu, feli ekki í sér miskabætur. Þær bætur verði að sækja úr hendi tjónvalds.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda, telur, að dráttarvexti skuli

einungis dæma frá dómsuppkvaðningu. Við munnlegan málflutning mót-mælti stefndi sérstaklega kröfuliðnum Vinnutekjur vegna heimilisstarfa.

V.

Kröfugerð stefnanda í máli þessu er að formi til um bæt看 á grundvelli samnings um slysatryggingu. Samningsákvæði mæla fyrir um bæt看, ákveðnar eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Með hliðsjón af forsögu 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og orðalagi vátryggingarskilmála stefnda verður niðurstaða sú, að ákveða skuli bæt看 úr slysatryggingunni efnislega á sama hátt og skaðabæt看 utan samninga eru ákveðnar. Jafnframt verður að ákveða fjárhæð, er samsvarar miskabótum.

Það er meginregla í íslenskum skaðabótarétti, að bótaskyldur aðili skuli bæta tjónþola allt tjón hans. Frá þeirri reglu eru ekki undantekningar, sem skipta máli við úrlausn sakarefnis þessa máls. Við ákvörðun bóta fyrir varanlegt líkamstjón hefur læknisfræðilegt örorkumat verið haft til viðmiðunar um, hversu miklu tjónþoli muni tapa af framtíðartekjum sínum. Hins vegar hefur það ekki verið gildandi regla, að bæt看 skuli ákveðnar í hlutfalli við örorkumat. Víkið hefur verið frá mati bæði til hækkunar og lækkunar eftir atvikum hverju sinni.

Í framkvæmd hefur örorkumat verið notað sem sönnunargagn um áhrif áverka á vinnugetu og þar með tekjuöflunarhæfi tjónþola. Að jafnaði hafa önnur sönnunargögn ekki verið færð fram um það efni. Þetta leiðir hins vegar ekki til þess, að örorkumat hafi að gildandi rétti fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993 verið einhvers konar löggilt sönnunargagn eða að reglan væri sú, að bætt skyldi í réttu hlutfalli við læknisfræðilega örorku. Dómstólar hafa leitast við að finna sjálfstætt mat í hverju tilviki fyrir sig og þannig ákvarðað bæt看 í raun með hliðsjón af atvikum í hverju máli, en þó haft í huga hlutlægni og jafnræði.

Ljóst er, að í mati um framtíðartekjur getur ekki falist örugg ákvörðun, sem í allflestum tilvikum reynist vera rétt. Á það einkum við, þegar um er að ræða áverka, er hindra ekki tjónþola algerlega við fyrra starf. Mætti vafalaust leiða að því líkur með rannsóknum, að örorkumat sé því sem næst aldrei nákvæmlega rétt að þessu leyti. Slíkar rannsóknir hafa ekki verið gerðar, svo að kunnugt sé.

Læknisfræðilegt örorkumat stendur á traustum, fræðilegum grunni. En þó að það sé sagt, verður ekki fullyrt meira en svo, að það gefi almenna lýsingu á líkamsástandi viðkomandi, en sé ekki nauðsynlega nein heimild um tekjuöflunarhæfi, eins og áður segir, án tillits til þess, hver á í hlut, menntunar viðkomandi, starfsreynslu og fleiri atriða. Hins vegar verður að líta til þess, að tilgangur matsins er einmitt að komast að niðurstöðu um það at-

riði, en mælikvarði þess er tiltölulega almennur og e. t. v. að einhverju leyti úreltur.

Matsgerð sú, sem aflað hefur verið í máli þessu, lýsir ekki, svo að heitið geti, þeim fræðilega grunni, sem niðurstaða hennar er reist á. Þá verður að líta til þess, að matsmenn voru læknið annars vegar og lögfræðingur hins vegar. Viðurkenna verður hæfi lækna til að meta tekjuöflunarhæfi manna á forsendum fræðigreinar sinnar, en fullvíst er, að lagaþekking er ekki nauðsynleg forsenda slíks mats og bætir ekki að neinu leyti fræðilegan grundvöll að slíku mati.

Þegar litið er til þessa, auk þess sem viðfangsefni matsgerðarinnar verður allt að því að teljast vera ágiskun, og jafnframt höfð hliðsjón af ákvæðum VI. og IX. kafla laga nr. 91/1991, verður matsgerðin ekki lögð til grundvallar sem sönnunargagn um tekjutap stefnanda um ókomna tíð, en höfð til hliðsjónar eins og önnur heimildargögn um heilsufar stefnanda.

Sannað er með örorkumati Atla Þórs Ólasonar og matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, að stefnandi hefur við áreksturinn 3. maí 1990 hlotið áverka, er leiðir til varanlegrar skerðingar á vinnugetu. Líta ber jafnframt til þess, að stefnandi getur að öllum líkindum ekki starfað við hárgreiðslu- iðn, sem hún er menntuð til, en hafði ekki stundað í allmörg ár fyrir slysið.

Við ákvörðun bóta verður að miða hvort tveggja við vinnu utan heimilis og heimilisstörf. Þykir rétt að ákveða bætur til stefnanda í einu lagi fyrir varanlega örorku, þ. á m. töpuð lífeyrisréttindi, og miskabætur. Verða þær ákveðnar að frádreginni greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, 760.000 krónum. Rétt þykir, að fjárhæð þessi beri dráttarvexti frá þingfestingardegi 29. október 1992. Að öðru leyti dæmast vextir svo sem í dómsorði greinin.

Málkostnaður ákveðst 190.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Rósu Val-
týsdóttur, 760.000 kr. með 3% ársvöxtum frá 3. maí 1990 til 1. októ-
ber s. á., 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% árs-
vöxtum frá þeim degi til 21. janúar s. á., 5% ársvöxtum frá þeim degi
til 1. júní s. á., 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 7% árs-
vöxtum frá þeim degi til 11. október s. á., 4% ársvöxtum frá þeim
degi til 1. nóvember s. á., 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóv-
ember s. á., 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 3%
ársvöxtum frá þeim degi til 25. febrúar 1992, 6% ársvöxtum frá þeim

degi til 4. mars 1992, vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá þeim degi til 29. október s. á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 29. október 1993.

Stefndi greiði stefnanda 190.000 kr. í málskostnað.
